



Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1. júní .2022

Efni: Umsögn SFF um frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (ppvl.). 594. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar en drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt þann 22. febrúar síðastliðinn. SFF skiluðu umsögn um drögin þann 11. mars 2022. SFF koma eftirfarandi á framfæri sem eru annars vegar ábendingar um frumvarpið sjálft og hins vegar ábendingar um gildandi ppvl. sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að breyta og einni ábendingu sem lýtur að lögum um skráningu raunverulegs eiganda nr. 82/2019 sem ppvl. vísa mikið til.

Frumvarpið

Skilgreiningar.

a. Viðurkennd persónuskilríki. skv. 18.tl. 3. gr. ppvl.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að bæta við skilgreiningu á hugtakinu viðurkennd persónuskilríki en hugtakið hljóðar svona í dag:

18. *Viðurkennd persónuskilríki:* Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði ... ²⁾

Frumvarpið gerir ráð fyrir viðbótinni „meðal annars“ í textann svo hann verði eftirfarandi:

18. *Viðurkennd persónuskilríki:* Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast **meðal annars** vegabréf, ökuskírteini og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði ... ²⁾

Frumvarp um greiðslureikninga byggir á Evróputilskipun þess efnis að lánastofnunum sé skylt stofna greiðslureikninga fyrir tiltekna neytendur sbr. 1. mgr. 14. gr. frumvarps til laga



um greiðslureikninga:

„14. gr.

Réttur til aðgangs að almennum greiðslureikningi.

Lánastofnun er skylt að bjóða neytanda almenna greiðslureikninga. Neytandi sem hefur lögmæta búsetu á Evrópska efnahagssvæðinu á rétt á að stofna og nota almennan greiðslureikning hjá lánastofnun. Framangreint á einnig við um þá sem ekki hafa fasta búsetu, hælisleitendur og þá sem ekki hefur verið veitt dvalarleyfi en brottvísun er ekki möguleg af lagalegum eða öðrum ástæðum.“

Þrátt fyrir lög um greiðslureikninga þá teljast þpvl. sérlög sem ganga frammar en þau kveða á um að það þurfi viðurkennd persónuskilríki til að stofna til viðskipta. Að mati SFF þarf skýrari breytingar á lögnum að þessu leyti sem orða vilja löggjafans í þessum efnum en varpar ekki matinu á því hvað telst viðurkennt persónuskilríki yfir á tilkynningarskylda aðila en ljóst er að mikið reynir á þetta um þessar mundir.

18. tl. 3. gr. þpvl. mætti því orða svo:

18. *Viðurkennd persónuskilríki:* Gild persónuskilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gilda persónuskilríkja teljast vegabréf, ökuskírteini, **dvalarleyfisskírteini gefin út af Útlendingastofnun** og nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands, eða samsvarandi erlendum stjórnvöldum og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á fullgildum undirskriftarbúnaði ... ²⁾

5. gr. B. Áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum.

Varðandi þær viðbætur sem gerðar eru á 5. gr. nánar tiltekið er varðar B.lið, en þar segir m.a. :

Við mat á því hvernig samningssambönd og einstök viðskipti skulu áhættuflokkuð skal horft til allra viðeigandi áhættuþátta sem geta, einir sér eða samanlagt, aukið eða dregið úr áhættu vegna peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Horfa skal til þeirrar heildaráhættu sem tengist samningssambandi og einstökum viðskiptum, m.a. til:

- a. starfsemi, **orðspors** og stjórn mála legra tengsla viðskiptamanns og raunverulegs eiganda,
- b. ríkja eða ríkjasvæða sem tengjast viðskiptasambandinu,
- c. áhættuþátta sem tengjast þeirri vöru, þjónustu eða færslum sem sóst er eftir,
- d. dreifileiða sem notaðar eru,
- e. hvort viðskiptamaður noti milligönguaðila til að koma fram fyrir sína hönd,
- f. hvort viðskiptamaður sé lögaðili með flókið eignarhald eða stjórnskipulag,
- g. hvort viðskiptamaður sé fjárvörslusjóður eða sambærilegur aðili, og
- h. hvort viðskiptamaður stundi aðallega reiðufjárviðskipti.



Sérstaklega vilja samtökin gera athugasemd við a. lið þar sem kemur fyrir orðið „orðspor“. Mjög óljóst er hvernig þetta skuli metið og eingöngu vísað til EBA/GL/2021/02 í umsögn um ákvæðið sjálft. Svo íþyngjandi og óljós krafa verður að vera skýrlega fram sett til að tilkynningarskyldir aðilar geti fullnægt henni. Ekki verður betur séð en að verið sé að ganga lengra en í fjórðu og fimmtu peningþvættistilskipun og vilja samtökin að orðalagið verði endurskoðað eða orðið hreinlega tekið út. Ef skoðað er hvort orðið „reputation“ eða afleidd orð séu í fjórðu eða fimmtu peningþvættistilskipun þá er vísað í að kanna eigi orðspor aðila í millibankaviðskiptum (tilkynningarskyldra aðila) en sú skylda hefur verið til staðar frá árinu 2006. Hvergi er vísað í að kanna eigi orðspor viðskiptavinar eða þess sem samningssamband eða viðskipti snúa að. Í fimmtu tilskipuninni kemur þessi texti inn þar sem einu sinni er að finna orðið „reputational“:

Public access to beneficial ownership information allows greater scrutiny of information by civil society, including by the press or civil society organisations, and contributes to preserving trust in the integrity of business transactions and of the financial system. It can contribute to combating the misuse of corporate and other legal entities and legal arrangements for the purposes of money laundering or terrorist financing, both by helping investigations and through reputational effects, given that anyone who could enter into transactions is aware of the identity of the beneficial owners. **It also facilitates the timely and efficient availability of information for financial institutions as well as authorities, including authorities of third countries, involved in combating such offences. The access to that information would also help investigations on money laundering, associated predicate offences and terrorist financing.**

Leiðbeiningar EBA/GL/2021/02 eru vissulega gagnlegar en matið er erfitt í framkvæmd. Má þar sérstaklega nefna grein 2.5 a) og b) í leiðbeiningunum vegna nafnleyndar í dómum og þess háttar.

- a) Are there adverse media reports or other relevant sources of information about the customer, for example are there any allegations of criminality or terrorism against the customer or the beneficial owner? If so, are these reliable and credible? Firms should determine the credibility of allegations on the basis of the quality and independence of the source of the data and the persistence of reporting of these allegations, among other considerations. Firms should note that the absence of criminal convictions alone may not be sufficient to dismiss allegations of wrongdoing.
- b) Has the customer, beneficial owner or anyone publicly known to be closely associated with them had their assets frozen due to administrative or criminal proceedings or allegations of terrorism or terrorist financing? Does the firm have reasonable grounds to suspect that the customer or beneficial owner or anyone publicly known to be closely associated with them has, at some point in the past, been subject to such an asset freeze?

Orðið orðspor má nú þegar finna í reglugerð um áreiðanleikakönnun án útskýringa á hvernig orðspor skal metið. Að mat SFF er þörf á frekari leiðbeiningum um hvernig mat á orðspori fer fram sbr. einnig umræður á Alþingi¹.

Gildandi ákvæði þbvl. og fleira

15. gr. Viðskipti tilkynningarskyldra aðila yfir landamæri

15. gr. þbvl. hljóðar svo:

15. gr. *Viðskipti tilkynningarskyldra aðila.*

Í viðskiptum yfir landamæri, við aðila frá löndum utan aðildarríkja, skulu tilkynningarskyldir aðilar **skv. a–k-lið 1. mgr. 2. gr.**, til viðbótar við áreiðanleikakönnun skv. 10. gr., uppfylla öll eftirtalin skilyrði þegar stofnað er til samningssambands:

a. afla fullnægjandi upplýsinga um starfsemi mótaðilans til að skilja rekstur og starfsemi viðkomandi, meta út frá opinberum gögnum orðspor viðkomandi og

¹ [Aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka. 1. umr. | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)



staðreyna gæði eftirlitsstofnana sem hafa eftirlit með honum,

b. fullvissa sig um gæði verkferla, stýringar og varnir gagnaðila til að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

c. afla samþykkis frá yfirstjórn áður en viðskiptum er komið á,

d. skrásetja skyldur hvors aðila fyrir sig samkvæmt lögum þessum og

e. fá staðfest, þegar um greiðslustreymisreikninga er að ræða, að gagnaðili hafi framkvæmt viðeigandi áreiðanleikakönnun og meti reglulega upplýsingar um viðskiptamenn sem hafa beinan aðgang að reikningum hjá viðkomandi tilkynningarskyldum aðila skv. a-lið 1. mgr. 2. gr. og geti veitt viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sé þess óskað.

Í b. lið 2. mgr. 6. gr. Reglugerðar nr. 745/2019 er aftur á móti talað um viðskipti við **fjármálafyrirtæki frá löndunum utan aðildarríkja EES.**

Hér er ósamræmi milli laganna og reglugerðarinnar en það er mat SFF að reglugerðin sé rétt og að það þurfi því að breyta lögum.

Áreiðanleikakönnun á opnum verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta vs. sérhæfðum sjóðum

Aðildarfélag SFF hafa upplifað vandkvæði þegar kemur að áreiðanleikakönnun á sjóðum í rekstri rekstrarfélaga sem verið er að stofna viðskipti við, vegna þess að erfitt getur verið að átta sig á hversu langt ber að ganga í áreiðanleikakönnun. Sjóðirnir í þessum tilvikum eru hinir eiginlegu viðskiptamenn og ber að áreiðanleikakanna rekstrarfélagið og einnig viðkomandi sjóð. Fá þarf staðfestingu á því hver er sjóðstjóri og skilríki hans og staðfestingu hans á því að eignarhaldið sé dreift og ef ekki þá upplýsingar um hver standi að baki sjóðnum. Þetta veldur óánægju hjá rekstrarfélagunum sem hafa skilning á því að þetta sé framkvæmdin hvað sérhæfðu sjóðina varðar en finnst þetta mjög langt gengið hvað varðar þessa opnu verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Sjóðstjórnarnir þar séu almennt **ekki** upplýstir um eignarhaldið sem getur breyst frá degi til dags.

Skilgreina þarf með lögum hver telst raunverulegur eigandi þegar um er að ræða viðskipti við sjóði skv. lögum um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

Skrá um raunverulega eigendur

Lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 vísa oft á tíðum til hugtaksins raunverulegur eigandi sbr. einnig lög um skráningu raunverulegra eigenda nr. 82/2019. SFF telja að umbætur þurfi að eiga sér stað á skránni þar sem hún

gefur almennt einungis „part af sögunni“ í dag. Samkvæmt f-lið 2. mgr. 4. gr. og f-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 82/2019 skulu skráningarskyldir aðilar skila inn gögnum sem staðfesta veittar upplýsingar til fyrirtækjaskrár RSK um að þeir sem sagðir eru raunverulegir eigendur séu sannarlega raunverulegir eigendur. Þegar raunverulegur eigandi fer með óbeint eignarhald fá tilkynningarskyldir aðilar einungis upplýsingar um að það hver fari með óbeint eignarhald en ekki hefur fengist aðgangur að frekari gögnum sem fyrirtækjaskrá ber skylda til að búa yfir skv. áðurnefndum lögum um eignarhald og eignakeðju þess lögaðila. SFF óskar eftir að fyrirtækjaskrá veiti tilkynningarskyldum aðilum betri aðgengi að upplýsingum um raunverulega eigendur, eignarhald og eignakeðjur lögaðila svo hægt sé að nýta þær upplýsingar við framkvæmd áreiðanleikakönnunar. Þá er afar mikilvægt að tæknileg útfærsla skráarinnar verði breytt þannig að hægt sé að sækja skrána í heild í stað þess að þurfa að fletta hverjum og einum upp handvirkt.

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.



Margrét Arnheiður Jónsdóttir, lögfræðingur